

Vorfundur Gammadeildar og aðalfundur 23. maí 2022 í Nauthóli

Fundur hófst á fordrykk og dregið var í sæti. Kveikt var á kertum að vanda og farið yfir manntal. Beðið var fyrir ýmsar kveðjur víðs vegar að og skemmtilegar. Því næst var gengið til aðalfundarstarfa. Stungið var upp á Bryndísi Jónu Jónasdóttur sem fundarstjóra og Hrefnu Sigurjónsdóttur sem ritara. Var það samþykkt einróma og dagskrá fram haldið.

Fyrsta atriði á dagskrá var skýrsla stjórnar og Edda Pétursdóttir, formaður, flutti þá skýrslu um starfið frá árinu 2020 til 2022. Sjá hjálagt. Félagskonur voru 43 í upphafi starfstímabils en ein þeirra, Vilborg Dagbjartsdóttir, lést á tímabilinu og er hennar sárt saknað. Þórunn Björnsdóttir gekk síðar úr deildinni þannig 41 eru eftir. Edda rifjaði upp viðburðaríkt starfstímabil sem þrátt fyrir allt, heimsfaraldur og hömlur, var fjölbreytt og skemmtilegt. Nýjar leiðir voru fetaðar í fundahaldi í bland við eldri þegar notast var við fjarfundi á tímum samkomutakmarkanna. Hnitmiðuð og skemmtileg fundargerð þar sem litið var yfir farinn veg síðustu tveggja ára. Á fyrra starfsárinu mættu að meðaltali 31 félagskona en 21 á seinna starfsárinu. Farið var yfir framlag Gammakvenna með orð til umhugsunar, afmæli ársins og embættisstörf Gammakvenna á landsvísu og alþjóðavísu. Stjórnarkonum og Gammakonum var að lokum þakkað fyrir starfsárið. Skýrslan var borin upp til samþykktar og var samþykkt með einróma lófataki. Stjórnin fékk einnig þakkir og lófaklapp.

Næst var komið að því að Hanna Halldóra Leifsdóttir, gjaldkeri, kynnti reikninga deildarinnar. Þetta var hennar fyrsta starfsár og margt að læra og mörgu að kynna. Hún sagði það hafa verið sérstaka upplifun að flytja gjaldkerastarfið frá Björgu yfir til sín á tíma þegar bankarnir vildu ekki fá neinn í heimsókn. En það tókst sem betur fer. Rekstrarreikningur fyrir síðustu tvö ár var lagður fram. Allt var mjög hefðbundið að einu undanskildu. Á blaðinu kemur fram tap sem er í raun og veru ekki tap, 428.659 kr, en það kemur til af því eftir er að rukka inn félagsgjöld sem koma inn á næsta tímabili. En í raun er gott að félagsgjöldin deilist í raun og veru ekki inn á næsta ár en fyrir næsta ár verður búið að rétta þetta af. Ekki verða gerðar fleiri færslur út fjárhagsárið þannig ársreikningur ætti að geta staðið óbreyttur þó svo fjárhagsárið sé út júlí. Veitingaupphæðin var örlítið hærri af því ekki var forsvaranlegt að óska eftir að fólk kæmi með veitingar á covid-tíma. Greiddar voru hóflegar þóknarir fyrir fyrirlestur á Zoom, upplestur tveggja rithöfunda og tónleika á vorfundi. Eigum inni handbært fé upp á 68.516 kr. Hönnu Dóru var þakkað kærlega fyrir með lófataki.

Næst var boðið í pontu formanni uppstillingarnefndar, Ingibjörgu Jónasdóttur. Hún þakkaði stjórn frábært starf á óvenjulegu tímabili. Tilnefningar í stjórn Gammadeildar 2022-2024 voru kynntar: Hrefna Sigurjónsdóttir, formaður, Bjarndís Fjóra Jónsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Sigrún Aðalbarnardóttir. Formaður var kosinn einróma með lófataki. Stjórn skiptir síðar með sér verkum og velur gjaldkera. Búið var að ræða við Hönnu Dóru að gegna starfi gjaldkera áfram og var það samþykkt einróma. Tillaga um skoðunarmann: Helga Halldórsdóttir. Tilnefning í uppstillingarnefnd: Björg og Ingibjörg eru til í að halda áfram í eitt ár í viðbót og fá Eddu Pétursdóttur í lið með sér. Margar konur eru á leið í námsleyfi og verður gaman að heyra frá þeim af þeirri reynslu.

Önnur mál voru því næst á dagskrá. Núverandi stjórn óskaði eftir að fá orðið og vildi leggja fram breytingartillögur. Í raun voru þetta þrjár tillögur sem stjórnin var með og var ein í einu lögð fram þótt þær skarist. Í fyrsta lagi lögðu stjórn og gjaldkeri til að fjárhagsár Gammadeildar verði frá 1.júlí til 30.júní ár hvert, en ekki til 1.júlí eins og starfsárið, af því þetta er á skjön. Starfsárið er í raun frá 1.júní til 30. júní. Hanna Dóra útskýrði að betra væri að vera í takt við starfsár Delta Kappa Gamma en skila þarf inn félagsgjöldum til alþjóðasamtakanna. Fundarstjóri las upp tillöguna, kosið var og tillagan samþykkt. Allir sem taka þátt í næsta starfsári eru þá búnir að greiða félagsgjöldin á fyrra starfsári fyrir starfsárið sem er að koma. Þá fylgir þetta starfsárinu en ný stjórn tekur við 1.júlí ár hvert. Venjulega var þetta þannig að við greiddum félagsgjöld að hausti og þá var þetta ekkert vandamál. Eftir nokkrar

umræður og útskýringar var tillagan studd. Fundarstjóri bar aftur upp til formlegrar atkvæðagreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Næsta tillaga var að stjórn Gammadeildar og gjaldkeri lögðu til að árgjaldið yrði hækkað í 14.000 kr en það hefur verið 13.000 kr. Í fundargerð frá árinu 2016 var mikil umræða um þetta á aðalfundi en þá var borin upp tillaga að hækka í 14.000 kr en varð ekki úr því. Breytingartillaga barst úr sal: Ingibjörg Jónasdóttir lagði til 15.000 kr. í árgjald. Fundarstjóri bar upp þá tillögu að hækka félagagjaldið í 15.000 kr. Samþykkt einróma.

Þá var það síðasta tillaga stjórnar og gjaldkera að félagsjöld yrðu innheimt með bankaþjónustu. Það verða engir dráttarvextir þótt tilgreindur sé gjalddagi og eindagi. Gjaldkeri mun færa inn þannig við greiðum minnsta gjald sem er fyrir færsluna, um 148 kr. Fundarstjóri bar upp til samþykktar og tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Orðið var þá laust og nýr formaður óskaði eftir að fá að segja nokkur orð. Þakkaði traustið og einstaklega gott samstarf við fráfaramandi stjórn og færði þeim rós með þökkum. Sérstakar þakkir hlaut Edda Pétursdóttir fyrir styrka og góða formennsku.

Framreiddur var því næst dýrindis fiskréttur og síðan var tónlistaratriði þeirra Bjarkar Ásgrímsdóttur og Bjarna Karlssonar úr Listaháskólanum, söngur með undirleik. Þau fluttu íslenska dægurlagatónlist á glæsilegan hátt og var þakkað með lófataki, upplappi og rósum.

Hertha W. Jónasdóttir var með orð til umhugsunar en eins og hún orðaði það þá sagði hún að sjálfsögðu já við þeirri beiðni, eins og sannri Gammakonunni sæmir. Hún mælti með því að segja alltaf já þegar gott byðist. Hún lagði út frá ljóðinu Vorið er komið og grundirnar gróa eftir Jón Thoroddsen og hversu mikið það gleddi hana að lesa þessar línur. Sérstaklega upphafslínurnar, Vorið er komið..., þær gleðja hana alltaf. Við höfum fengið einstaklega gott vor en það er ekki sjálfgefið en afar kærkomið eftir erfiðan vetur. Heimsfaraldur, eldgos og snjópungan vetur. Allt þetta hefur reynt ótrúlega mikið á heilbrigðisstarfsfólkið sem hefur þó staðið sig með miklum sóma í gegnum þessa erfiðleika. Sama má segja um kennarastéttina sem þurfti líka að takast á við miklar áskoranir. En þá kom styrjöldin í Úkraínu til sögunnar og ótrúlegt að hugsa til þess að svona illska leynist í heiminum. Það eina sem við getum gert er að biðja almættið um frið og að menn sjái að sér og semji um að leggja niður vopnin. Með þetta í huga er vert að þakka fyrir að geta farið frjáls ferða sinna og að geta hitt vini og ættingja. Mikilvægt er að njóta hvernar stundar þegar hún býðst. Eitt af meginmarkmiðum DKG er að vinna skal að því að heiðra konur. Hertha vildi því minnast þess að BETA konur gerðu það árið 1989 með því að heiðra minningu listakonunnar í fjörunni, Elísabetar Geirmundsdóttur, með útgáfu bókar um líf hennar og störf: Listakonan í fjörunni. Hertha endaði á litlu sumarljóði eftir hana. Að lokum voru henni færðar þakkir og rós.

Ragnheiður Stefánsdóttir bætti við skemmtilegri frásögn frá sinni formannstíð og þakkaði Herthu sérstaklega fyrir stuðninginn á sínum tíma þegar hún tók við sem landssambandsforseti af henni árið 1993. Rósa Björg fékk loks afmæliskort í tilefni fimmtugsafmælis síns sem var fyrr á árinu með ljóði eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur og rós.

Að lokum sungu Gammakonur saman við undirleik Hildar Jóhannesardóttur. Formaður færði Hildi rós með þökkum. Hún færði einnig Ingibjörgu Jónasardóttur rós fyrir dyggan stuðning við stjórn í gegnum zoom tímabilið svokallaða. Að lokum þakkaði Edda formaður fyrir kvöldið og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.